

Nd.

89. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Til ársloka 1968 fer níu manna nefnd, verðlagsnefnd, með verðlagsákvæðanir. 4 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmanna skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina, og fellur jafnframt niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna í því skyni, að gengislækkun sú á krónunni, sem ákveðin hefur verið, rýri ekki hlut launþega meir en óhjákvæmilegt reynist. Alþýðusamband Íslands hefur borið fram þá ósk við ríkisstjórnina, að fulltrúar þess fái aðild að verðlagsákvörðunum. Ríkisstjórnin telur rétt að verða við þessum óskum og álitur eðlilegt, að fjórir fulltrúar Alþýðusambandsins taki sæti í verðlagsnefnd, meðan áhrif gengislækkunarinnar eru að koma fram í verðlagi innanlands. Jafnframt telur ríkisstjórnin þá réttmætt, að tveir fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, einn fulltrúi Verzlunarráðs Íslands og einn fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga taki þar sæti, en að ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu verði formaður nefndarinnar, svo sem nú á sér stað. Er gert ráð fyrir því, að þessi skipan gildi fyrst um sinn til loka næsta árs.